

Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til borg- 69
arstjórans í Reykjavík, um endurgreiðslu sveitarstyrks. 22. nóv.

Með brjefi dags. 24. júlí þ. á. hafið þjer, herra borgarstjóri, beiðst úrskurðar ráðuneytisins um það, hvort skylt sje að greiða af bæjarsjóði Reykjavíkur barnsmóður norðmannsins Mons Olsens, Kristínu nokkurri Kristjánsdóttur, úrskurðað meðlag barnsföður með óskilgetnu barni þeirra, en báðar þessar persónur eiga heimili hjer í bænum. Þjer hafið færst undan að greiða meðlagið af því að barnsfaðir eigi framfærslurjett í Noregi og mundu því litlar líkur til þess, að hinn útlagði framfærslueyrir með barninu fengist endurgreiddur.

Samkvæmt meðlagsúrskurðinum er umrætt barn fætt 4. mars þ. á.; nafns þess er ekki getið, og þar sem það er in confesso, að móðir þess á framfærslurjett hjer á landi, getur dvalarsveit hennar ekki komist hjá því, að greiða með barninu úrskurðaða fúlgum samkvæmt 26. gr. laga nr. 46 frá 1921. En spurningin verður þá, hvaðan dvalarsveit á að fá fúlgnum endurgreidda. Í því efni verður í þessu máli að fylgja fyrirmælum 1. mgr. 44. gr. fátækralaganna. Dvalarsveit barnsmóður á endurgreiðslurjett hjá þeirri sveit, er útlendingurinn á lögheimili hjer á landi, eða ef hann ekkert á, þar sem hann dvelur þegar meðlagsfúlgan, sem er sveitarstyrkur veittur barnsföður, er greidd barnsmóður. En nú er barnsfaðir einnig heimilisfastur hjer í bænum og kemur því ekki til endurgreiðslu frá dvalarsveit hans.

Á milli Íslands og Noregs mun enginn samningur vera um endurgreiðslu fátækrastryks, sem ríkisborgara annars landsins er veittur í hinu, og fáist styrkurinn ekki endurgreiddur fyrir milligöngu utanríkismálastjórnar vorrar, verður dvalarsveit þurfaíngsins að bera hann svo lengi útlendingurinn er á landi hjer og á lífi, því að í því falli virðist ekki mögulegt að beita lögjöfnuði frá 2. mgr. 14. gr. fátækralaganna, til að fá styrkinn endurgreiddan úr ríkissjóði.

REGLUGJÖRÐ

um

þóknun til skoðunarmanna skipa og báta o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, eru hjer með sett eftirfarandi ákvæði um þóknun fyrir skipa- og bátaskoðanir o. fl.: